


# MONITOR



**TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ**



# OPNAÐU ÞRÍÐJA AUGAÐ



  
CHEAP  
MONDAY  
CLAIRVOYANT



Gleraugnaverslun Kringlunni  
Sími 568 9111

[www.augad.is](http://www.augad.is)





## Það er ekkert að skinkum



### Erpur Eyvindarson gefur út lagið **Elskum þessar mellur**

„Skinkurnar eru hressandi á sinn sérstaka hátt,“ segir rapparinn Erpur Eyvindarson sem hefur sent frá sér lagið **Elskum þessar mellur**. Að sögn Erps tekur texti lagsins á „skinku-elementinu“ og eins og titillinn gefur til kynna er hann í grófari kantinum. „Það skiptir samt svo miklu máli hvernig þú segir hlutina. Þetta er ekkert öðruvísi en þegar menn fóru með klámvísur á árum áður,“ segir Erpur. Hann minnst í þessu samhengi á lagið Úti í Hamborg með Ragga Bjarna, sem kom út árið 1967, og segir texta þess af svipuðu meidi.

### Skinku-safari á Hverfisbarnum og Ólíver

„Þetta er bara mjög gott grín. Hlutirnir þurfa ekkert alltaf að vera einhver doktorsgráða,“ segir Erpur. „Skinkurnar eru kannski ekki að fara að ræða við þig um rússneska kvikmyndagerð eftirstríðsáranna. Þær eru að fara að ræða við þig um brúnkuklúta. En það er bara fyndið. Það er eitthvað gott við allt. Hárleingar, gervineglur og allt þetta dæmi er líka fint,“ segir Erpur.

„Menn eru eitthvað að væla og hata skinkurnar. Skinka er alveg skinka, en það er ekkert að skinkum. Maður

kíkir alveg í skinku-safari á Hverfisbarnum og Ólíver og það er ekkert að því. Maður er ekkert að fara að gifta sig,“ segir Erpur sem hefur einnig stundað skinkurannsóknir erlendis. „Fyrir tveimur vikum kíkti ég til Róðs í þeim tilgangi að skoða atferlisfræði manneskja. Það er merkilegt að skoða allar tegundir mannlífsins. Hin svokallaða mella er líka athyglisverð, þótt maður sé ekkert að fara að giftast henni.“

### Strax orðið vinsælt

Erpur kveðst meðvitaður um að lagið geti farið fyrir brjóstið á einhverjum, en hann er þó sannfærður um að það eigi eftir að slá í gegn. „Þetta er strax orðið fánlega vinsælt. Ég var búinn að spila það á tveimur tónleikum þegar allir kunnu viðlagið. Þegar við spilum það verður stemningin alveg vansköpuð,“ segir Erpur og bætir við að myndband sé væntanlegt á netið innan skamms.


Elskum þessar mellur verður á nýjustu plötu Erps sem er væntanleg um næstu mánaðarmót. „Það á eftir að taka upp eitt lag og svo þarf ég að velja úr einhverjum 30

### VIÐLAGIÐ

Gervihár og gervineglur, segðu það Erpur Við elskum þessar mellur Við viljum fatafellur, segðu það Erpur Við elskum þessar mellur Elskum dirty gellur hvað hélstu, segðu það Erpur Við elskum þessar mellur Við viljum auðveldar stelpur Við elskum þessar mellur

## Monitor mælir með

**Á SPILARANUM** Búum til börn er fyrsta plata hljómsveitarinnar Moses Hightower og þeir sem eru ekki þegar búnir að næla sér í eintak ættu að gera það strax. Hrikalega flott og þægileg íslensk sálartónlist og ekki að ástæðulausu sem Búum til börn hefur hvarvetna fengið frábæra dóma.



**Í MAGANN** Skyrtertán á Hamborgarfabrikkunni er eitthvað til þess að deyja fyrir.

Eða að minnsta kosti fitna fyrir. Fabrikkann býður raunar upp á nokkra mjög góða eftirrétti og er fint að kíkja þangað í köku og kaffi, hvort sem maður er að fara að fá sér hammara eða ekki.

**Á SJÓ** Snekkjan Octopus liggur við Reykjavíkurbörn um þessar mundir og ættu allir sem hafa möguleika að kíkja niður að höfn og berja hana augum. Að skoða hana í ljósadýróinni þegar það er komið myrkrur úti er hreint magn-



## Vikan á... facebook

**Bubbi Morthens** Mín dúkka er leggjálöng ljóska Dögunar dúkka er Dökkhærd en hún skiftir ört á mill Ljósku og dökkhærdar ísabella er hinsvegar upptekin við að singja og gefa sinni að drekka mill veður úti kryrð og friður einhvernvegin yfir öllu

**Vala Grand** OMG MY COSTUME FOR GAYPRIDE IS FUCKING HOTT IF U SEE ME WALKING DOWN TOWN.....U BE SHOCKT I AM TELLING U GUYS OMG CANT WAIT TO WEAR IT.ITS SO SEXY ..SO Hafsteinn Thor Gudjonsson Be redde baby coz me and u are gona be on fire

**Fjalur Þorgeirsson** Ef Pape Mamadou Faye og Friðrika Hjördís Geirsdóttir (Rikka) myndu taka upp á því að eignast stúlubarn saman yrði hún líklega nefnd Paprika.

**Herbert Guðmundsson** Lífið verðlaunar þá sem gefast ekki upp!

### Feitast í blaðinu

**Gay-over!** Haffi Haff tók Bent í gegn og dressaði hann upp í tilefni af Gay Pride. >>4

**Karl Berndsen** tiskulögga með meiru í skemmtilegu viðtali. >>6

**Stíllinn spjallar** við hönnuði Made by 3 og gefur góð fegurarráð. >>8

**Biófrumsýningar helgarinnar** og hvað veistu um leikarann Nicolas Cage? >>12

**Filófaxið** tekur saman helstu viðburði helgarinnar á einum stað. >>15

### Efst í huga Monitor

## Monitor á hýru buxunum

**H**insegin dagar í Reykjavík eru að bresta á og af því tilefni hefur Monitor dregið fram hýru buxurnar til að fagna með þessum lesendahópi, líkt og meginþorri borgarbúa mun gera í Gleðigöngunni á laugardaginn.

**M**onitor þurfti reyndar ekki að mæla mjög djúpt til að finna sinn innri hýrleika enda eru gleði og gláumur ávallt í fyrirrúmi á Monitor-skútunni. Þar má reyndar finna einn samkynhneigðan sjóliða sem oft otar sínum tota með ágætis árangri. Ef Monitor væri vinur þinn þá gæti þig jafnvel grunað að hann væri skápahommi. Monitor hefur til dæmis mjög gaman að Eurovision og allar stelpur vilja eiga Monitor sem besta vin sinn.

**A**ndlit Monitor hefur í 17% tilvika verið samkynhneigt eða transgender á þessu ári og bleikt eða fjólublátt í 22% tilvika. Þá er Monitor skrautlegt og skemmtilegt eins og Páll Óskar og Elton John.


**M**onitor er stolt af þessum hýru hliðum og geymir þær ekki inni í skáp.

**E**ins og fram hefur komið á Monitor alnafna, pólitíska blaðið Monitor sem gefið er út í Svartfjallalandi. Sá frændi býr ekki við sama frelsi og Monitor á Íslandi. Þar er engin

Gleðiganga og í ýmsum ríkjum þar í kring hafa tilraunir til slíks verið barðar niður með ofbeldi.

**Þ**að er því sérstök ástæða til að óska landsmönnum öllum til hamingju með Hinsegin daga og með að geta flaggað sínum innri hýrleika á götum úti þessa helgina án vandkvæða.

**G**leðilegt Gay Pride!





# GAY-OVER



MEÐ HAFFA HAFF



## HÁR

Ásgeir hárgreiðslumeistari á nýjstu stofunni í bænum, Circus Circus, greiddi Ágústi Bent í anda James Dean.

Ásgeir rakaði einnig vel vaxið skegg hans en skildi bartana eftir.

- Það er mikilvægt að læra að greiða og móta á sér hárið með góðum efnum. Það getur verið ígildi nýrrar klippingar.
- Ekki þvo hárið daglega, þá hætta oliur hársins að myndast og náttúrulegi gljáinn hverfur.
- Ef þú vilt lyftingu í hárið skaltu blása það í gagnstæða átt frá vexti hársins.



Einn heitasti hommi Íslands, **Hafsteinn Þór Guðjónsson**, betur þekktur sem **Haffi Haff** gekk til liðs við bátsmenn **Monitor** við að hreinsa götur Reykjavíkurborgar fyrir **Gay Pride**. Á vegi okkar varð leikstjórinn og rapparinn **Bent** og tókum við hann í útlitsbreytingu, svokallað **gay-over**, í tilefni hátíðarinnar.

„Má ég fyrst fá mér pulsu?“

„Mamma á afmæli í dag svo ég ætla að reyna að halda greiðslunni.“

„Mmm... þetta er þægilegt.“

„Setti hún nokkuð á mig dekksta litinn???“

„I have an impeccable style.“

## SNYRTING

Berglind snyrtifræðingur hjá Comfort snyrtistofunni spreyjaði brúnkumyndandi vökvu á Bent sem mun haldast á í rúma viku.

- Ekki fara í ljós! Skaðsömu UV-geislana viljum við unga fólkíð ekki sjá og brúnkumeðferðir eru nú orðnar þrusuvinsælar, bæði meðal kvenna og karla.
- Mikil aukning hefur verið á karlmönnum í kúnnahóp Comfort snyrtistofunnar. Þeir eru nú farnir að láta dekra við sig með andlitsböðum, nuddi og fót snyrtingum.
- Einnig vilja menn gjarnan losna við hár milli augabrána, ýmist með vaxi eða plockkun.



**ONLY**<sup>®</sup>

**DENIMIZE  
THE WORLD**

[WWW.ONLY.COM](http://WWW.ONLY.COM)



**Toppur 1990**

**Jakki 5500**

**Gallabuxur 14900**

**Nýjar vörur vikulega**

**Ekki missa af !**

**VERO MODA**<sup>®</sup>

Kringlan s. 568 6244 Smáralind s. 544 4230



# United-gleraugin fara á hilluna

## Hjörvar Hafliðason með enska boltann á Stöð 2 Sport í vetur

Knattspyrnuþrófessorinn Hjörvar Hafliðason hefur þekkt boð um að starfa á Stöð 2 Sport í vetur, en þar mun hann lýsa leikjum í enska boltanum og sjá um dagskrárgerð tengda honum. Hjörvar er mikill viskubrunnur þegar kemur að knattspyrnu, eins og áhorfendur HM í knattspyrnu fengu að kynna í sumar, og munu unnendur enska boltans væntanlega taka honum fagnandi. „Þetta er allt á byrjunarstigi, en það stendur til að búa til einhverja flotta dagskrárgerð í kringum enska boltann. Það hefur vantað í nokkur ár að sjá eitthvað meira en bara leikina og

mörkin,“ segir Hjörvar, en neitar því að það standi til að tala bara um leikina. „Eilífðarkjafaþæði verður auðvitað orðið þreytt og við ætlum ekkert bara að sitja og ræða um leik milli Blackburn og Sunderland í 10 mínútur, það hefur enginn áhuga á því. Ætlunin er að finna einhverja nýja vinkla á þetta og vera með flotta dagskrárgerð.“ Hjörvar er sjálfur harður stuðningsmaður Manchester United, en hann þvertur fyrir að það muni hafa áhrif á hann í starfinu. „United-gleraugin fara á hilluna á meðan. Það verður ekkert vandamál,“ segir Hjörvar léttur.



HJÖRVAR FER HELST ALDREI ÚT ÚR MARKTEIGNUM

Myndir/Ernir



# Smart lúkk í Gleðigönguna

Áslaug Benediktsdóttir er á leið í tveggja vikna frí til Danmerkur eftir helgi. Hún ætlar þó að kíkja á Gay-Pride hátíðina um helgina og valdi af því tilefni flott lúkk úr Sautján.



**VINTAGE ARMY JAKKI**  
Hermannajakkar hafa verið vinsælir í nokkurn tíma og haldast inni fyrir vorið. Þessi er örlítið aðsníðinn í mittið og þannig dömulegur en um leið töffaralegur. 13.990 kr. Sautján

**KABÚKÍ-BURSTI**  
Með silkimjúkum nælonhárum. 1.990 kr. Body Shop

**MOSS SÍÐUR HLÝRABOLUR**  
Þessa bolli þurfa allar stelpur að eiga, síðir undirtoppar í öllum litum. 3.990 kr. Sautján

**HÁLSMEN**  
Þetta stykki getur lífgað upp á látlausan topp. Keðjuhálsmen sem bundið er með borða. 3.990 kr. Sautján

**ARMBAND**  
Sjóðheitt að hlaða upp casual armböndum. 990 kr. Sautján



**LOVE GLOSS NR. 18: TROPICAL PINK**  
Ferskjulitað varagloss með gljáa. 1.590 kr. Body Shop

**VASK KJÓLL**  
Síðkjólar eru rosalega vinsælir í sumar. Þessa sídd er hægt að nota mikið, bæði við hæla og sandala. Mynstrið og litirnir virka vel. 9.990 kr. Sautján

**KISS OF COLOUR-KINNA-LITUR NR. 02: CORAL**  
Fallegur ferskjulitur og glans. 2.290 kr. Body Shop



**MENTOR FYLLTIR HÆLAR**  
Truflaðir hælaskór. Liturinn er góð tilbreyting frá svörtu skónum og fylltu hælarnir enn að gera góða hluti. 29.990 kr. GS skór



**LABELLAU TASKA**  
Hrikalega flott stór taska á frábæru verði. 7.990 kr. Sautján

ALLT Á 10% AFSLÆTTI Myndir/Ernir

## ÁSLAUG BENEDIKTSDÓTTIR

Nemi við Menntaskólann í Reykjavík.

**Fylgist þú með tísku?**  
Já, þó kannski svolítið ómeðvitað.

**Uppáhaldsflik?**  
Leðurjakki sem ég fékk í jólagjöf.

**Hvað finnst þér flottast við lúkkið?**  
Kjöllinn er sætur.

**Klikkaðasta sem þú hefur gert?**  
Ég man ekki eftir neinu svakalega klikkuðu, ætli ég eigi það ekki eftir.

**Hvaða snyrtivörur notar þú daglega?**  
Litað dagkrem, púður og maskara.

**Fegurðarráð?**  
Ég set alltaf ólífuolíu í hárið á mér eftir sturtu.

**Hvert langar þig helst til að ferðast?**  
Langar mikið að koma til Berlín. Ég er ætluð frá Þýskalandi og ferðast þar mikið en hef aldrei komið til Berlínar.

**Hvað fer í taugarnar á þér?**  
Þegar fólk talar við mig þegar ég les.

**Uppáhaldsmatur?**  
Mango chutney kjúklingaréttur.

**Draumamaðurinn í þremur orðum:**  
Hávaxinn, dökkhærður og með krullur.

**Hvað ætlar þú að eignast mörg börn?**  
Ætli þau verði ekki eitt eða tvö.

**Ef þú mættir vera hver sem er í einn dag, hver yrði það?**  
Sennilega Samantha Jones.

**Fyrri tiskumistö?**  
Það var bleikur plastjakki.



## Plötunni Okkar fagnað

Hljómsveitin Míri frá Seyðisfirði blæs til tónleika í heimabænum á laugardagskvöld til að fagna plötunni Okkar sem þeir gáfu út á dögunum. Mikið fjör hefur verið á Austurlandi í sumar og nú draga þeir helstu stuðpinnana úr bænum með sér, hljómsveitirnar Sudden Weather Change og plötusnúðinn Unnstein Manuel úr Retro Stefson.

Fjörð hefst í Herðubreið klukkan 21:30 og kostar 1.500 krónur inn.



## Á barnum með Winehouse

Leiknonan Mischa Barton er bara nýflutt til London en er strax búin að finna sér nýja vinkonu. Það er vandræðagsmenn Amy Winehouse sem lítið hefur frést af eftir að hún hætti að drekka.

Nú segja slúðurmiðlar þar ytra að þær stöller hafi dottið í það saman, en Barton hafði hangið þurr síðan hún var tekin fyrir ölvunarakstur.

Fréttir af Winehouse gætu því orðið tíðar í fjölmiðlum á næstunni.



## Hefur „fiktað“ við kókainið

„Er hún á einhverju?“ Þessarar spurningar hafa margir spurt sig þegar þeir sjá munderingar Lady Gaga, sem nú hefur viðurkennt að nota stundum fíkniefni.

„Ég skal ekki ljúga, ég geri það stundum. Kannski tvisvar á ári. En ég vil ekki að aðáendur mínir taki upp á því,“ segir hún í viðtali við Vanity Fair. Samkvæmt þessu hefur hún því tekið eitruyf um það bil fjórum sinnum síðan hún varð heimsfræg. Nú er spurning hversu trúlegt það er.



# Systralagið



## Vilt þú verða UNIFEM-systir?

UNIFEM á Íslandi kynnir til sögunnar nýtt átak, **Systralagið**, sem miðar að því að hvetja Íslendinga til að standa með systurum sínum víðsvegar um heim og uppræta ofbeldi, fátækt og óréttlæti.


Með því að ganga í **Systralagið** ákveður þú að greiða mánaðarlega upphæð og styrkja þannig konur og fjölskyldur þeirra til betra lífs.

Gakktu í Systralagið á [www.unifem.is](http://www.unifem.is) eða hringdu núna í síma **552 6200**.

Kvinnasjóður Sameinuðu þjóðanna







■ ■ Það er alltaf verið að tala um að við eigum fallegustu konur í heimi, en við eigum líka glæsilegustu menn í heimi.

viðtalið



# Ég hef migið og skitið í saltan sjó

Orðið „tískulögga“ var fundið upp fyrir mann eins og **Karl Berndsen**. Hann undirbýr nú fjórðu seríuna af sjónvarpsþáttaröð sinni **Nýtt útlit og opnaði nýlega hárgreiðslu- og förðunarstúdíóið Beauty Bar í Höfðatúninu. Og Karl má vart opna munninn án þess að einhver fari í fýlu.**

**Texti:** Haukur Viðar Alfreðsson [haukurv@monitor.is](mailto:haukurv@monitor.is)  
**Myndir:** Ernir Eyjólfsson [ernir@mbl.is](mailto:ernir@mbl.is)

Já Karl Berndsen kann að hafa komið við kauninn á þér einhvern tímann, en þannig er það oft með fólk sem liggur ekki á skoðunum sínum. En Karl er alls enginn hrotti. Hann hefur starfað um árabil við að farða og greiða ofurfyrirsætum um allan heim, en hefur í 14 ár haft bækistöðvar í London.

## Byrjum á byrjuninni. Hvar ólst þú upp?

Á Skagaströnd. Ég byrjaði ferilinn sem yfirkokkur í Kántrýbæ. Ég fór í hótél- og veitingaskólann og tók sjókokkinn og ætlaði bara að halda mig á Skagaströnd. Þaðir minn var vélvirki, blessaður, og hann vildi að ég færi að læra það en það var nú sennilega það allra síðasta sem mig langaði til að læra. En okkur kom saman um það að sjókokkurinn gæti verið nokkuð góður fyrir mig. Síðan fór ég einn túr á togara sem gekk nú frekar brósuglega, en það var svo sem allt í lagi, mér leiddist bara alveg agalega. Þá fór ég að kokka í Kántrýbæ og var þar í einhvern tíma. Eftir það flutti ég frá Skagaströnd og fór að læra hárgreiðslu.

## Hvað sagði sá gamli við því?

Mjög góð spurning (hlær). Hann var náttúrulega vélvirki og bróðir minn líka, en ég var ekki alveg eftir uppskriftinni. En eftir að ég fór að koma heim á mánaðarfresti og var að taka vikulaunin hans á einni helgi fyrir að klippa 40-50 manns í kjallaranum sagði hann: „Ég kem aldrei til með að segja neitt. Þú bara gerir það sem þú vilt gera“. Síðan var bara staðið við bakið á mér það sem eftir var. Við það varð metnaðurinn miklu meiri og mér fannst ég verða að standa mig miklu betur en allir aðrir. Ekki vegna þrýstings frá öðrum, heldur fannst mér sjálfum ég verða að standa mig betur en aðrir. Ég ætlaði mér stóra hluti. Ég byrjaði með 48 stelpum í hárgreiðsludeildinni, því strákarnir fóru allir í rakarann, og ég varð auðvitað að verða betri en þær allar, og að sjálfsgöðu varð ég það.

## Þú hefur mikið sjálfstraust og hælir sjálfum þér óspart. Ertu að grínast?

Er ég svona ógeðslega montinn? (hlær) Fyrir mér er þetta hæðni. Nú stama ég og kem stundum ekki upp einu orði og mér finnst það hrikalega myndi. Þú getur verið í þeirri aðstöðu að koma inn í herbergi og getur ekki sagt orð. Ert bara eins og illa skapaður andskotinn og þér líður þannig og verður að setja upp front sem aðstoðar þig við að sigla á móti hverju sem er. En jú, þetta er sannarlega hæðni. En ef þú hefur ekki trú á sjálfum þér þá hefur það enginn.

Er þetta eitthvað sem þú hefur lært á fullorðinsárum eða hefurðu alltaf haft þetta sjálfstraust?

Guð minn góður, ég gekk meðfram veggjum. Talandinn hefur staðið rosalega í vegi fyrir mér allsstaðar. Ef ég er stressaður eða næ ekki að hvílast þá kem ég ekki upp orði. Ég er mjög beinskeyttur og segi bara það sem mér finnst. Ég vil frekar vera dæmdur fyrir að hafa skoðun á hlutunum heldur en að vera eitthvað „wimp“ úti í horni sem er sammála öllu og um leið og viðkomandi snýr sér við að drulla þá yfir hann. Ég vil frekar bara segja þér það beint út. „If I don't like you I don't like you“.

## Nú voru ummæli þín um Heru og Eurovision-farana til dæmis ansi umdeild.

Ég sagði það strax að mér fyndist hún frábær söngkona en það eina sem ég kommentaði á var að ég hefði sjálfur lagt örlítið meira á mig. Þetta er sjónvarp og þessi keppni byggist á kynþokka frá A til Z. Það er ekki nóg að hafa röddina, í dag verðurðu að hafa allt heildarlúkkið. Það var það eina sem ég sagði. Ég hefði lagt það á mig að missa nokkur aukakíló ef ég væri að fara að standa fyrir framan milljónir manna.

## Listamaðurinn Snorri Ásmunds gabbadi fólk upp úr skónum þann 1. apríl þegar hann auglýsti svokallað „beauty camp“ í þínu nafni og fullt af fólki rauk til og reyndi að skrá sig. Hvernig tókst þú uppátækinu?

Hann náði mér. Algjörlega. Það tók mig langan tíma að fatta þetta. Ég horfði á myndina og hugsaði strax að ég hefði séð sjálfan mig í þessari pósu. Mér fannst þetta mjög myndi. Nema maðurinn ætlaði náttúrulega að halda áfram með djóki og gera út á þetta og þá fannst mér þetta ekkert sérstaklega myndi (hlær). Svo sá ég hann einhvers staðar niðri bæ og hugsaði hvort þetta væri ég, en það gat að sjálfsgöðu ekki verið.

## Þú varst í framboði fyrir Besta flokkinn. Segðu okkur aðeins frá því.

Jújú, ég var í heiðurssetinu þar og sit núna sem varamaður í Mannréttindaráði og mér finnst mjög mikill heiður í því. Ég hélt reyndar að þetta væri djók fram á seinustu stundu. En ég hef trú á þessu fólki. Eftir kosningar var öllum hóað saman á leynifund og þar varð ég mjög „impressed“. Óttarr Proppé gekk á milli borða þar sem fólk var að ræða hugmyndir sínar og spurði alla hvernig þeir ætluðu að hafa efni á hinu og þessu og sagði fólki að það þyrfti að hafa það á hreinu hvernig það ætlaði að fjármagna hugmyndir sínar. Þannig reka menn fyrirtækið sitt og ég hugsaði sem svo að þetta gæti ekki orðið verra en það var. Ég hugsaði líka um að Óttarr veitti nú ekki af smá make-overi en eftir að ég sá hvernig hann var þá fannst mér hann mega líta út hvernig sem hann vildi því hann er með heilann í lagi.

## Fjórða serían af Nýtt útlit er í bígerð og þátturinn hefur fengið góðar viðtökur, er það ekki?

Hann hefur fengið mjög góðar viðtökur og gott áhorf. Mig hefði aldrei grunað að ég ætti eftir að


## Á 60 SEKÚNDUM

### Uppáhaldsmatur?

Saltað hrossakjöt. Ég fæ innspýtingu af karlhormónum þegar ég borða það og mér veitir ekki af því öðru hvoru.

### Uppáhaldskvikmynd?

Þá fer það alveg í þveröfuga átt. Það er Breakfast at Tiffany's með Audrey Hepburn.



### Best klæddi karlmaður Íslands?

Ég held að það sé bara Villi Vill, lögfræðingur. Hann er alltaf spikk og span.

### Best klædda konan?

Ég get ekki svarað þessu. Þær eru svo margar sem eru í uppáhaldi. Ég elska allar konur sem flassa kvenleika sínum.

### Hvaða persónu úr mannkynssögunni myndirðu vilja fá þér kaffibolla með?

Bill Clinton. Hiklaust sko. Ég gæti nú alveg hugsað mér meira en kaffibolla með honum. Kvöldverður væri málið.



### Hverja er skemmtilegast að hafa í stólnum?

Það er skemmtilegast á stóru sýningunum í París þegar maður fær allar fallegustu konur heims fyrir framan sig. Allt saman ofsalega hressar þiur. Ég get ekki valið einhverja eina.

### En hver er erfiðust?

Keisha í Sugababes. Erfiðust að dila við og erfiðast að fullnægja.

verða umsjónarmaður í sjónvarpsþætti. En ég finn fyrir þessari miklu ábyrgð sem ég ber og þess vegna verð ég að vera heiðarlegur. Ég segi ekki að eitthvað krem sé gott bara út af því að einhver vill borga mér fyrir það. Ég er betur settur ef ég segi að kremið sé vont ef það er vont, og þannig veit fólk líka að ég er ekki að ljúga.

## Þú hefur verið búsettur lengi erlendis og unnið með ótrúlegasta fólki.

Já, ég hef búið í London í 14 ár. Ég bjó áður í Los Angeles og hef búið í Berlín og Brussel, en mest verið í London. Þetta er búið að vera ótrúleg lífsreynsla en ég var eiginlega kominn með nóg. Þetta var gott veganesti og fólk segir oft um menn: „Þessi hefur ekki migið í saltan sjó“. En ég hef migið og skitið í saltan sjó þannig að ég tel mig hafa ástæðu til þess að hafa skoðanir á hlutunum, meira en margur annar. En að eldast í þessu er ekki hægt. Ég fór út á hárréttum tímapiunti. Þegar stílistinn og allt liðið í krúinu er orðið miklu yngra en þú þá er kominn tími til að hætta. Það sagði maður við mig einu sinni: „The lines in your forehead tell me a different story“ þegar ég var að reyna að ljúga því að honum ég væri yngri en ég var. En þá er það kannski bara spurning um bótoxið (hlær).

## Myndir þú fara í bótox?

Alveg hiklaust. Ef ég væri með ónýta mjöðm þá myndi ég ekki nenna að draga á eftir mér helvítis löppina. Ég myndi láta laga það ef ég gæti. Ef þetta er spurning um hrukkur á enninu á mér þá finnst mér þetta sjálfsgagt mál. Þetta er rosalegt feimnismál. Fyrst þverneita allir því að þeir hafi áhuga á að láta laga sig. En auðvitað höfum við öll áhuga á því að líta vel út. Ef þú getur aftrað því að þú verðir gamalt hrukkudýr fyrir aldur fram þá held ég að þú ættir að gera það.

KARL BERNDSEN



**Eru íslenskar konur almennt í góðum málum hvað varðar útlit og umhirðu?**

Já. Það eina sem mér finnst leiðinlegt, og ég er ekki að setja út á íslenskar konur, er það að þær fara allar svolítið sömu leið að mínu mati. Eins og með klæðnað og annað. En þær eru að vakna. Það hafði enginn talað um aðhaldsfatnað á Íslandi fyrr en við tókum þetta fyrir í sjónvarpsþættinum og Debenhams seldu í kjölfarið heilu brettin af þessu. Núna skilur líðið úti ekki neitt, þeir sem selja fötin hingað til lands. „Hvað kom fyrir Ísland? Eru allar konur í aðhaldi?“. Mér finnst þetta rosalega einkennilegt. Árið er 2010 og það er eins og þær séu nýbúnaar að uppgötva aðhaldsföt og brjóstahaldara. Konur vita ekki stærðina á brjóstunum á sér. Þetta þykir mér alveg merkilegt. Ég þori að veðja að hver einasti karlmaður er búinn að mæla á sér liminn.

**Fyrst þú minnst á það, hvernig eru íslenskir karlmenn að standa sig?**

Þegar ég er úti í London er ég að sjálfsgöðu í allt öðrum heimi en hér. Þegar maður fer út á lífið þar og á klúbbana í þessum gay-heimi tekur maður eftir því að mennirnir þar eru rosalega rugged. Þetta eru bara þjúra karlmenn. Engar geldollur heldur krúnurakaðir og grófir menn. Þegar ég kom síðan heim og sá unga, íslenska karlmenn fannst mér þetta bara samansafn af pjátri. Og þeir eru allir straight. Þetta finnst mér frekar fyndið þar sem ég er sjálfur hárgreiðslumeistari. Þannig að þeir eru að standa sig mjög vel. Það er alltaf verið að tala um að við eigum fallegustu konur í heimi, en við eigum líka glæsilegustu menn í heimi.

**Þú hefur talað um að það hafi verið erfitt sem samkynhneigður unglingur að fylgjast með fordómum fólks gagnvart samkynhneigð. Finnst þér þetta hafa breyst mikið?**

Já þetta er bara djók. Svona á þetta að vera. Mér varð eiginlega flökurt að hugsa til þess að einhver hefði meiri réttindi en ég til þess að ganga í heilagt hjónaband í kirkju. Ég er mjög trúður maður og mér finnst með ólíkindum að einhverjar forpokaðar prestshrúgur skipti sér af því hvað ég geri í rúminu. Ég spyr ekki að því hvað þeir gera í rúminu og hvern djöfulinn kemur þeim það við hvað ég geri í mínu rúmi? Mig langar reyndar ekkert að gifta mig í kirkju og ég hef enga þörf fyrir það að ganga í hjónaband, en ég hef mínar skoðanir á þessu og mér finnst þetta fáránleg hugsun og eiginlega eins og það sé verið að tala um skepnur.

■ ■ Það var það eina sem ég sagði. Ég hefði lagt það á mig að missa nokkur aukakíló ef ég væri að fara að standa fyrir framan milljónir manna.

■ ■ Ef þú flettir upp svuntunum þá eru fordómarnir algjörlega til staðar. Þeir eru bara undir borði.

**Þannig að betur má ef duga skal?**

Ég tel að það hafi ofboðslega mikil breyting orðið en guð minn góður, það krauma enn fordómar undir niðri eins og áður. Málið er það að það er ekki kúl að vera með fordóma gagnvart þessu. En ef þú flettir upp svuntunum þá eru fordómarnir algjörlega til staðar. Þeir eru bara undir borði. Við höldum alltaf að við séum svo „ligeglad“ og að Ísland sé svo opið og haleljúga. En ef einhver reiðist og missir sig aðeins... „you're gonna get the shit in your face“. En þá fær viðkomandi það líka tvöfalt til baka.

Fjórða sería af Nýju útliti verður sýnd í haust á Skjá einum en þangað til mun Karl hafa í nógu að snúast á Beauty barnum, sem hann segir að sé „athvarf fyrir kvenlegt eðli“ og konur á öllum aldri eru hvattar til að heimsækja Karl og leyfa honum að dekra við sig.








WRIGLEY'S  
**Extra**®

**Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur...**



Tannlæknafélag Íslands mælir  
með notkun xylitols sem  
aðalsætufrni í tyggigúmmii

Rannsóknir sýna að notkun sykurlaus **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.



# Nýir straumar í skarti



MADE BY 3 VÖRURNAR  
MÁ SKOÐA OG KAUPA  
Á HEIMASÍÐUNNI  
WWW.MADEBY3.IS



HULDA RÓS OG TELMA HANNA SKART-  
GRIPI UNDIR MERKINU MADE BY 3

Mikill uppgangur hefur verið í íslenskri hönnun upp á síðkastið og vakti nýtt skartgripamerki athygli **Stílsins** á dögnum. Hönnuðir merkisins Made by 3 eru þrjár tískuskvísur með ólíka reynslu í farteskinu.

Mynd/Ómar

„Við höfum fengið frábærar viðtökur,“ segir Telma Tryggvadóttir hönnuður skartgripamerkisins Made by 3. Auk Telmu skipa hönnunarteymið Hulda Rós Hákonardóttir og Teresa Tryggvadóttir. Hafa þær ólíka reynslu í farteskinu, ein sem vöruhönnuður, ein úr viðskiptaheiminum og ein úr verslunargeiranum, en allar með brennandi áhuga á fallegum skartgripum og hönnun. eru þær náinn starfshópur en Telma og Teresa eru systur og hafa verið vinkonur Huldu í fjöldamörg ár.

## Lærðu af Svíum

Teresa er vöruhönnuður að mennt og lærði skartgripagerð hjá sænskum hönnuði. Lærði hún þá allt um hráefni skartgripanna og helstu handbrögð. „Við Hulda urðum hrifnar

af þeim skartgripum sem Teresa hafði hannað og vatt hugmyndin þannig upp á sig. Við fórum út í þetta verkefni með því hugarfarir að gera það sem okkur þykir fallegt. Við bjóðum upp á nokkrar línur því takmark okkar er að allar konur geti keypt sér skartgripina okkar og notað þá við öll tækifæri, hversdagsleg og fín,“ segir Telma.

## Á erlendan markað

„Við erum með kúnna á öllum aldri, frá tvítugu upp í 70 ára og eldri svo það má segja að við hönnum fyrir konur á öllum aldri,“ segir Telma. „Við viljum hafa skartgripina vandaða og



notum eka hráefni í flest allt sem við gerum. Verðlagið er mjög gott og ætti að höfða til allra.“

Hafa þær stöllur nú framleitt sjö skartgripalínur og munum við eflaust sjá meira frá þeim. „Við stefnum á að fara út fyrir landsteinana og erum komnar með ýmsa möguleika sem við erum að skoða. Við ætlum að halda áfram að stækka og styrkja okkur sem vörumerki,“ segir Telma.



FALLEG HÚÐ ER EKKI  
KEYPT ÚTI Í BÚÐ

# FALLEG HÚÐ fegrúnarráð

**Húðina**, elsku húðina, stærsta líffærið okkar er mikilvægt að annast vel. Öll erum við með ólíkar húðgerðir og glímum við ólík vandamál varðandi húðina. **Stíllinn** kynnti sér umhirðu húðar til hins ýtrasta og deilir með þér, lesandi góður.

## FEIT HÚÐ

**Hvernig er feit húð?** Feit húð er gjarnan þykkari en þurr húð og glansar. Fitukirtlarnir eru „óvirkir“ og svitaholur oft sýnilegar. Húðin er mjög opin og því eru filapenslar og bólur algeng vandamál.

**Hvernig skal hreinsa feita húð?** Mjög mikilvægt að hreinsa húðina vel kvölds og morgna, ekki sofa með farðann! Notið farðahreinsi í formi sápu eða gels. Toner er góður fyrir feita húð.

### Góð ráð fyrir feita húð:

- Gufubað er sérstaklega gott fyrir feita húð. Heitt bað eða liggja með heitan þvottapoka yfir andlitinu virkar líka.
- Ekki gleyma að bera rakakrem á feita húð. Húð getur verið þurr um leið og hún er olíukennð. Gott að nota létt krem og bera þunnt lag á.

**Maski**  
1 eggjarauða  
1 msk hunang  
3-4 msk hafnar  
Hræra eggjarauðu  
og hunangi saman,  
bæta höfrum við.  
Láta liggja á andliti  
í 15 mínútur. Þvo af  
með heitu vatni.



## ÞURR HÚÐ

**Hvernig er þurr húð?** Þurr húð er gjarnan þunn og stíf. Svitaholurnar lokaðar og því eru filapenslar yfirleitt ekki vandamál. Eftir hreinsun á húðinni verður hún strekkt stíf. Meiri líkur á hrukum ef ekki er hugsað um þurra húð.

**Hvernig skal hreinsa þurra húð?** Gott að nota mjólkurhreinsi eða kremhreinsi til að þvo farðann af. Mikilvægt að nota þykkt rakakrem

kvölds og morgna. Ekki nota of mikið rakakrem, gott að bera léttu umferð á andlit og háls, bíða í nokkrar mínútur og bera þá heldur aftur ef húðin er enn strekkt.

### Góð ráð fyrir þurra húð:

- Bera þunnt lag af olíu á húðina fyrir svefn.
- Þurr húð er viðkvæm fyrir sól og kulda, kaupið rakakrem með sólarvörn.



**Maski**  
1 avocado  
3 tsk hunang  
1 msk sítrónusafi  
½ tsk mjólk  
Blanda saman og  
bera á andlit. Láta  
liggja í 15 mínútur.  
Þvo af með heitu  
vatni.



## BLÖNDUÐ HÚÐ

**Hvernig er blönduð húð?** Blönduð húð er algengasta húðgerðin. Getur verið feitt svokallað T-svæði og þurrar kinnar eða jafnvel fita í kinnum og þurrt T-svæði.


**Hvernig skal hreinsa blandaða húð?** Best er að hugsa um blandaða húð eftir vandamálum þínum.

Séu bólur og filapenslar þitt helsta vandamál skaltu notast við upplýsingar um feita húð. Séu þín helstu vandamál þurrku-blettir og lokaðir svitakirtlar skaltu lesa um þurra húð.



HÚÐVÖRURNAR  
FRÁ CLINIQUE ERU  
MJÖG VINSÆLAR





# NÝTT OG BETRA MYNDASAFN Á MBL.IS

Vantar þig frábæra hugmynd að gjöf sem hittir í mark  
eða bara fallega mynd á vegginn?

Skoðaðu nýjan, glæsilegan og skilvirkari myndasafnsvef á mbl.is.

Þú getur fest kaup á sérvöldum úrvalsljósmyndum og skoðað myndir sem aðrir hafa keypt.  
En sjón er sögu ríkari. Farðu inn á [mbl.is/myndasafn](http://mbl.is/myndasafn) og njóttu þess að virða fyrir þér veröldina  
með augum margra bestu ljósmyndara landsins.

[mbl.is](http://mbl.is)

Morgunblaðið

— Meira fyrir lesendur



## FERILLINN



### Alfred Molina

**Hæð:** 189 sentimetrar.  
**Besta hlutverk:** Doctor Octopus í Spider-Man myndunum.  
**Skrýtin staðreynd:** Faðir hans er spænskur og móðir hans ítölsk, en fjölskyldan bjó þó í Englandi lengst af. Blandaður bakgrunnur hans hefur gert það að verkum að hann hefur leikið persónur af næstum hvaða uppruna sem er.  
**Eitruð tilvitnun:** „Ég elska að leika illmenni“.

**1953** Fæðist 24. maí í London á Englandi.

**1980** Eignast dótturina Rachel sem er eina barn hans.

**1981** Preytir frumraun sína á hvíta tjaldinu þegar hann leikur smáhlutverk í Indiana Jones-myndinni Raiders of the Lost Ark.

**1986**

Kvænist núverandi eiginkonu sinni, rithöfundinum og leikkonunni Jill Gascoigne. Hún er fædd árið 1937 og er 16 árum eldri en hann. Þau eiga engin börn saman, en eiga börn úr fyrri samböndum.



**1987** Leikur í myndinni Prick Up Your Ears og kemur sér á kortið.

**1999** Leikur aukahlutverk í hinn frábæru Magnolia. Tveimur árum fyrr leikur hann í Boogie Nights, en báðar myndirnar eru eftir Paul Thomas Anderson.

**2002** Leikur Diego Rivera, eiginmann listakonunnar Fridu í samnefndri mynd. Hlýtur mikið lof fyrir og fjölda verðlaunatilnefninga.

**2004**

Leikur illmennið Doctor Octopus í stórmyndinni Spider-Man  
 2. Leikstjórinn Sam Raimi valdi Molina í hlutverkið eftir að hafa séð hann í Frida.



**2010** Tekur að sér að leika í sjónvarpsþáttunum Law & Order: Los Angeles. Verið er að framleiða þættina um þessar mundir og hefja á sýningar í september.



Í NEW YORK ER MIKID UM AÐ UNGIR MENN HANGI MEÐ SEIÐKÖRLUM ÚTI Á GÖTU

## Frumsýningar helgarinnar

### The Sorcerer's Apprentice

**Leikstjóri:** Jon Turteltaub.  
**Aðalhlutverk:** Nicolas Cage, Jay Baruchel, Alfred Molina, Teresa Palmer og Monica Bellucci.  
**Lengd:** 111 mínútur.  
**Dómar:** IMDB: 6,4 / Metacritic: 4,6 / Rotten Tomatoes: 41%  
**Aldurstakmark:** Bönnuð innan 7 ára.  
**Kvikmyndahús:** Sambíóin Álfabakka, Sambíóin Kringlunni, Sambíóin Keflavík og Sambíóin Akureyri.



Balthazar Blake (Cage) er öflugur seiðkarl sem býr í New York og reynir að verja borgina gegn illum öflum erkióvinnar síns (Molina). Balthazar fær ungan mann að nafni Dave (Baruchel) í lið með sér og ákveður að kenna Dave á alvöru galdra svo þeir geti bjargað heiminum.

### Ljóti andarunginn og ég

**Leikstjóri:** Michael Hegner og Karsten Kiilerich.  
**Leikraddir:** Hjálmar Hjálmarsson, Jóhann Sigurðarson, Jóhanna Vígdís Arnardóttir, Björgvin Frans Gíslason, Örn Árnason, Sigurður Sigurjónsson og Rósa Guðný Þórsdóttir.  
**Lengd:** 89 mínútur.  
**Dómar:** IMDB: 5,7  
**Aldurstakmark:** Leyfð öllum.  
**Kvikmyndahús:** Smárabíó, Háskólabíó og Borgarbíó.



Teiknimynd með íslensku tali. Lauslega byggð á hinu sígilda ævintýri um litla ljóta andarungann. Íslensk talsetning fór fram í Stúdíó Sýrlandi undir stjórn Páls Ólafssonar og Rósu Guðnýjar Þórsdóttur.

## Hvað veistu um...

## Nicolas Cage?

- 1 Fyrir hvaða kvikmynd hlaut hann Óskarsverðlaun sem besti leikari í aðalhlutverki?
- 2 Hvaða leikkona var fyrsta eiginkona hans?
- 3 Í hvaða kvikmynd lék hann glæpamanninn Castor Troy?
- 4 Hvert er raunverulegt eftirnafn hans?
- 5 Í hvaða mynd Coen-bræðra frá 1987 lék hann aðalhlutverkið?



- 6 Dóttur hvaða fræga söngvara kvæntist hann árið 2002?
- 7 Hvað heitir persónan sem hann leikur í myndinni Kick-Ass?
- 8 Í hvaða mynd frá árinu 2002 lék hann handritshöfundinn Charlie Kaufman og hlaut Óskarstilnefningu fyrir?
- 9 Hvað er núverandi eiginkona hans, Alice Kim, mörgum áratugum yngri en hann?
- 10 Í hvaða hasarmynd lék hann á móti Angelínu Jolie árið 2000?

1. Leaving Las Vegas, 2. Patricia Arquette, 3. Face/Off, 4. Coppola, 5. Raising Arizona, 6. Elvis Presley (Lisa Marie Presley), 7. Big Daddy, 8. Adaptation, 9. Tveimur, 10. Gone in 60 Seconds.

## Heat besta endurgerðin

Kvikmyndatímaritið Empire hefur valið kvikmyndina Heat bestu endurgerðu mynd allra tíma. Heat hét upphaflega L.A. Takedown og var gerð fyrir sjónvarp, en hún var sýnd á NBC árið 1989. Michael Mann, sem skrifaði handritið að myndinni og leikstjóri henni, var ekki sáttur við útkomuna og ákvað að endurgera hana. Heat var svo frumsýnd árið 1995. Heat þykir ein besta spennumynd allra tíma og skartar hún úrvallsleikurum á borð við Al Pacino, Robert De Niro, Jon Voight og Val Kilmer í aðalhlutverkum. Er þetta fyrsta kvikmyndin sem inniheldur senu með Pacino og De Niro, en áður höfðu þeir leikið í Godfather 2 án þess þó að birtast saman í senu.

- ### 10 bestu endurgerðir að mati Empire
1. Heat (1995)
  2. The Thing (1982)
  3. The Fly (1985)
  4. Some Like it Hot (1959)
  5. Cape Fear (1991)
  6. The Departed (2006)
  7. Ocean's Eleven (2001)
  8. Twelve Monkeys (1995)
  9. His Girl Friday (1940)
  10. The Magnificent Seven (1960)



AL PACINO Í HLUTVERKI SÍNU Í HEAT

## Popp-korn

Will Ferrell er sagður hafa í hyggju að framleiða og leika í kvikmynd sem verður alfarið á spænsku. Myndin mun heita Casa di mi Padre, eða Heimili föður míns, en óljóst er um hvað hún mun fjalla. Velta menn því nú fyrir sér hvort grín Ferrells mun ná í gegn til bandarískra aðdáenda ef þeir þurfa að lesa texta til að skilja það.



Sætabrauðs-drengurinn James Franco mun fara með aðalhlutverk myndar sem ber nafnið 127 Hours og verður leikstýrt af Danny Boyle, sem síðast leikstýrði stórmyndinni Slumdog Millionaire. Myndin, sem er sannsöguleg, fjallar um mann sem fyrir nokkrum árum festi hönd sína undri grjóti við klettaklifur og neyddist til að sarga hana af sér með vasahníf. Er áætlaður frumsýningardagur 5. nóvember næstkomandi en þó hefur ekkert kynningarefni verið gefið út enn.



Þrátt fyrir að vera aðeins 16 ára og líta út fyrir að vera tíu ára, þá finnst söngvaranum Justin Bieber kominn tími til að deila sögu sinni en ævisaga á prenti mun ekki nægja. Ævisöguleg kvikmynd mun vera í bígerð þar sem því verður gerð góð skil hvernig hann skaust upp á stjórnuhimininn með aðstoð Youtube. Þá verður myndin að sjálfsgöðu í þrívídd.



Sviðsskrekur hrjár ekki bara hina óvönu. Whoopi Goldberg segist vera svo stressuð að hún ætli að vera með bleyju þegar hún stígur á svið í söngleiknum Sister Act á Broadway á næstunni. Þar mun hún leika hlutverk yfirmunnunar, sem sagt ekki sama hlutverk og hún lék í myndinni frægu fyrir 18 árum. Vinsældir söngleiksins hafa dalað og standa vonir til að þátttaka Whoopi muni bjarga deginum.



Fillinn Babar mun fljótt bætast í hóp þeirra gamlakunnu teiknimyndpersóna sem fá um sig bíómynd. Það eru tveir af framleiðendur Twilight myndanna sem fengu þessa hugmynd en filakóngurinn Babar kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 1931 og hafa teiknimyndir um hann verið þýddar á 19 tungumál.





# fílófaxið fimmtudagur

5  
ágúst



**MOSES, KRISTÍN OG SVAVAR KNÚTUR**  
Café Rosenberg  
21:00

## Mjög metrósexúal

„Ég var ekki búinn að átta mig á því að Gay Pride byrjaði þennan dag en það er aldrei að vita hvort við gerum eitthvað af því tilefni. Það munu koma fram mjög metrósexúal einstaklingar en enginn hómó svo ég viti,“ segir Andri Ólafsson, söngvari hljómsveitarinnar Moses Hightower sem kemur fram á tónleikum á Café Rosenberg.

Moses Hightower gaf nýlega út sína fyrstu breiðskífu, *Búum til börn*, sem hefur hlotið gríðar-góðar viðtökur en auk þeirra koma tónlistar-

mennirnir Kristín Bergsdóttir og Svavar Knútur fram á tónleikum. „Það verða ljúfir sprettir hjá okkur öllum og það verða allir með sálartónlist í einhverjum skilningi. Svavar Knútur er með sitt tvíst á fólkmúsík og trúbadorahefð en Kristín og við erum meira í soul og RnB,“ segir Andri en hljómsveitin mun svo spila víðar um landið á næstu vikum.

Tónleikarnir fara fram á fimmtudagskvöld klukkan 21:00 og kostar 1.500 krónur inn.

### FYRRA KVÖLD HLJÓDKLETTA

Listasafn Reykjavíkur  
**18:00** Tvö fimmtudagskvöld í ágúst, það er nú og í næstu viku, fara fram svokölluð Kvöld Hljódkletta. Í þetta sinn verða tónleikar, video-verk, innsetningar og framkomur í Listasafni Reykjavíkur. Atburðurinn stendur yfir til 22.

### ORPHIC OXTRA OG VALDIMAR

Sódoma Reykjavík  
**22:00** Hljómsveitir Valdimar og Orphic Oxtra leiða saman hesta sína á tónleikum á Sódomu. Hljómsveitin Valdimar vinnur nú að gerð sinnar fyrstu breiðskífu sem er væntanleg í haust. Orphic Oxtra skipa alls 14 manns en þau sérhæfa sig í fjörugri balkan-tónlist.

### OPNUNARHÓF ARTFART!

Sódoma Reykjavík  
**22:00** Svíðlistahátíðin artFart verður nú sett í fimmtu sinn og verður hún með veglegasta móti af því tilefni. Frumsýnd verða hátt í 28 verk eftir íslenska og erlenda listamenn. Opnunarhófið fer fram í Útgerðinni sem og ýmsir viðburðir, en nánari upplýsingar um dagskrá má finna á artFart.is.

# laugardagur

7  
ágúst

### JUST HERE!

Útgerðin, Grandagarði  
**20:00** Sýningin Just Here! er hluti af svíðlistahátíðinni artFart. Í henni er skoðað hvernig hægt er að færa hið persónulega rými, sem hver og einn litur á sem sitt eigið, út í hið leikræna rými. Leikstjóri verksins er Snædis Lilja Ingadóttir. Miðaverð er 1.200 krónur og hægt er að panta miða í síma 663-9444 og á artfart@artfart.is.

### EXTREME CHILL FESTIVAL

Hellissandur, Snæfellsnesi  
**20:00** Fyrsta raftónlistarhátíð Íslands fer fram á Hellissandi um helgina en þar munu koma fram 18 innlendir og erlendir raftónlistarmenn. Fritt verður á tjaldsvæði á staðnum en armbönd á alla tónleika helgarinnar kosta 2.500 krónur og fer forsala fram í 12 tónum og plötubúð Smekkleysu. Einnig verða armbönd seld í félagsheimilinu Röst á Hellissandi. Eftirfarandi tónlistarmenn koma fram á

seinna kvöldinu: DJ Andre & DJ Árni Vector, For Tunes, Reptilicus, Yagya, Ruxpin, Stereo Hypnosis, Xerex, Biogen og Moonlight Sonata.

### I'M A COP

Útgerðin, Grandagarði  
**21:00** Útskriftarverkefni Smára Gunnarssonar úr Rose Brudford College nefnist I'm a Cop og verður flutt á artFart svíðlistahátíðinni. Sagt er frá lögreglumanni í tilvistarkreppu sem er mjög umhugað um það hvernig umheimurinn sér hann og reynir sífellt að auka hróður sinn. Flytjandi er Smári Gunnarsson sjálfur. Aðgangseyrir er 1.200 krónur og verkið er 35 mínútur að lengd.

### SILFURBERG

Café Rosenberg  
**22:00** Hljómsveitin Silfurberg spilar norræn þjóðlög í eigin útsetningum en hún starfaði sem einn af

sumarlistahópum Hins hússins en heldur ótraud áfram þótt því starfi sé formlega lokið. Sveitin heldur tvenna tónleika um helgina og er aðgangseyrir einungis 500 krónur.

### THE TELEPATHETICS

Faktörý Bar, Smiðjustíg 6  
**23:00** Hljómsveitin The Telepathetics kemur nú saman á tónleikum í fyrsta sinn í þrjú ár á hinum nýopnaða Faktörý Bar (gamla Grand Rokk). Þeim til halds og trausts verða góðir gestir og stíga þeir fyrstu á svið stundvíslega klukkan 23:00, en húsið opnar klukkustund fyrr.

### RVK SOUNDSYSTEM #3

Nýlenduvörverzlun Hemma & Valda  
**23:00** Þrjú mánaðarlegi reggae-viðburður Rvk Soundsystem fer fram á Hemma & Valda og á þessu sinni er það raftónlistarmaðurinn ThizOne sem mun þeyta þéttum reggae-skífum auk þess sem DJ Elvar tekur snúning.

föst  
6  
ágúst

### JUST HERE!

Útgerðin, Grandagarði  
**20:00** Sýningin Just Here! er hluti af svíðlistahátíðinni artFart. Í henni er skoðað hvernig hægt er að færa hið persónulega rými, sem hver og einn litur á sem sitt eigið, út í hið leikræna rými. Leikstjóri verksins er Snædis Lilja Ingadóttir. Miðaverð er 1.200 krónur og hægt er að panta miða í síma 663-9444 og á artfart@artfart.is.

### EXTREME CHILL FESTIVAL

Hellissandur, Snæfellsnesi  
**20:00** Fyrsta raftónlistarhátíð Íslands fer fram á Hellissandi um helgina en þar munu koma fram 18 innlendir og erlendir raftónlistarmenn. Fritt verður á tjaldsvæði á staðnum en armbönd á alla tónleika helgarinnar kosta 2.500 krónur og fer forsala fram í 12 tónum og plötubúð Smekkleysu. Einnig verða armbönd seld í félagsheimilinu Röst á Hellissandi. Eftirfarandi tónlistarmenn koma fram á fyrri kvöldinu: DJ Andre & DJ Árni Vector, Plasmabell, Steve Sampling, Jafet Melje, Kidrama, The Crackers, Frank Murder, Legend og Futuregrapher.

### I'M A COP

Útgerðin, Grandagarði  
**21:00** Útskriftarverkefni Smára Gunnarssonar úr Rose Brudford College nefnist I'm a Cop og verður flutt á artFart svíðlistahátíðinni. Sagt er frá lögreglumanni í tilvistarkreppu sem er mjög umhugað um það hvernig umheimurinn sér hann og reynir sífellt að auka hróður sinn. Flytjandi er Smári Gunnarsson sjálfur. Aðgangseyrir er 1.200 krónur og verkið er 35 mínútur að lengd.

### SILFURBERG

Café Rosenberg  
**22:00** Hljómsveitin Silfurberg spilar norræn þjóðlög í eigin útsetningum en hún starfaði sem einn af sumarlistahópum Hins hússins en heldur ótraud áfram þótt því starfi sé formlega lokið. Sveitin heldur tvenna tónleika á Rosenberg um helgina og er aðgangseyrir einungis 500 krónur. Þá verður plata þeirra, Skandimania, til sölu á 1.000 krónur á staðnum.

### SUPER MAMA DJOMBO

NASA  
**22:00** Vinsælasta hljómsveit Gíneu-Bissá snýr nú aftur til Íslands með sannkallaða afríska tónlistar- og danshátíð. Sérstakir gestir verða Egill Ólafsson, Sigtryggur Baldursson og Samúel J. Samúelsson auk þess sem DJ Afrika 20:20 leikur í hléi. Miðaverð er 2.500 krónur.

### UNPLUG YOURSELF

Dillon  
**22:00** Hressir tónleikar á Dillon þar sem fram koma hljómsveitirnar Nevolution, Nögl, Morning After Youth, Of Monsters and Men, Mukkaló og Shaky Memories. Hugsanlegt er að fleiri bönd bættist á listann. Aðgangseyrir er 500 krónur og aldurstakmark er 20 ára.

### PRIDE IS FREE

Sódoma  
**23:00** Haffi Haff mun koma fram tónleikum á Sódomu í tilefni Hinsegin daga í Reykjavík. Á tónleikum mun Haffi flytja plötuna sína Freak í heild sinni en að því loknu mun DJ Haha halda uppi fjörinu. Þá hefur heyrst að dragdrottingar muni kíkja við ef allir eru þægir auk þess sem verðlaun verða veitt fyrir gay-legasta klæðaburðinn. Um að gera að kíkja á tónleikana og hita upp fyrir Gleðigönguna, ekki síst þar sem aðgangur er ókeypis.

### PLASTIC GODS OG FLEIRI

Faktörý  
**00:00** Hljómsveitin Plastic Gods blæs til tónleika af því tilefni að tveir meðlimir sveitarinnar hyggjast flytja úr landi. Fram koma hljómsveitirnar Plastic Gods, DLX ATX, The Heavy Experience og Hylur. Miðar eru seldir á 1.000 krónur í forsölu í plötubúð Smekkleysu en miðaverð við inngang er 1.200 krónur. Húsið opnar klukkan 21:00 en fyrsta hljómsveitin, Plastic Gods, stígur á svið á miðnætti.

8  
ágúst

### JUST HERE!

Útgerðin, Grandagarði  
**20:00** Sýningin Just Here! er hluti af svíðlistahátíðinni artFart. Í henni er skoðað hvernig hægt er að færa hið persónulega rými, sem hver og einn litur á sem sitt eigið, út í hið leikræna rými. Leikstjóri verksins er Snædis Lilja Ingadóttir. Miðaverð er 1.200 krónur og hægt er að panta miða í síma 663-9444 og á artfart@artfart.is.

### I'M A COP

Útgerðin, Grandagarði  
**21:00** Útskriftarverkefni Smára Gunnarssonar úr Rose Brudford College nefnist I'm a Cop og verður flutt á artFart svíðlistahátíðinni. Sagt er frá lögreglumanni í tilvistarkreppu sem er mjög umhugað um það hvernig umheimurinn sér hann og reynir sífellt að auka hróður sinn. Flytjandi er Smári Gunnarsson sjálfur. Aðgangseyrir er 1.200 krónur og verkið er 35 mínútur að lengd.



## REYKJAVÍK GAY PRIDE

Hinsegin dagar í Reykjavík fara fram um helgina en hápunktur þeirra er að vanda Gleðigangan niður Laugavegin á laugardag. Fjölmargir fleiri atburðir eru í boði, svo sem Hátíðardansleikur með Páli Óskari á NASA og hinsegin bókmenntaganga auk þess sem stóla má á fjölmenni á skemmtistöðum borgarinnar. Nánari upplýsingar má finna á Gaypride.is en einnig má nálgast varning, miða á viðburði og sérstakt VIP kort í Kaupfélagi Hinsegin daga sem opnað hefur verið í löu við Lækjargötu.



### Fimmtudagur, 5. ágúst

**12:00** Klúbbur Hinsegin daga á Barböru opnar

**20:00** Opnunarhátíð Hinsegin daga í íslensku óperunni  
Regína Ósk, KK og Ellen, Lay Low og Friðrik Ómar ásamt kór og hljómsveit. Aðgangseyrir 1.600 kr. Pride parti og veitingar í boði Vífilfells að lokinni sýningu.



### Föstudagur 6. ágúst

**20:00** Hinsegin bókmenntaganga  
Gengið frá Ingólfstorgi með Úlfhildi Dagsdóttur.

**21:30** Hinsegin sigling  
Sigling um sundin blá með veitingum og tónlist. Lagt upp frá Ægisgarði. Aðgangseyrir 1.500 kr.

**23:00** Landlegudansleikur á Barböru  
Aðgangseyrir 1000 kr.



### Laugardagur 7. ágúst

**11:00** Upphitun fyrir gleðigönguna  
Á Barböru, klúbbi Hinsegin daga.

**14:00** Gleðiganga  
Hin árlega gleðiganga hefst við Hlemm klukkan 14:00 og verður gengið niður allan Laugavegin og niður að Arnarhóli að vanda. Þátttakendur í göngunni safnast saman á Rauðarárstíg við Hlemm, í síðasta lagi klukkan 12:30 en áhorfendur geta stíllt sér upp meðfram Laugaveginum.

**15:30** Hinsegin hátíð við Arnarhól  
Gleðigangan rennur í hlað við Arnarhól þar sem skemmtiatriði á útisviði taka við. Meðal skemmtikrafta eru Elektra, Bergþór Pálsson, Haffi Haff, Sigga Beinteins, Friðrik Ómar og það er auðvitað Páll Óskar sem stjórnar fjörinu.

**23:00** Hinsegin hátíðardansleikur Hinsegin daga

Árlegur stórdansleikur á NASA þar sem iðulega komast færri en vilja. DJ Páll Óskar þeytir skífum. Miðaverð er 2.000 krónur. Á sama tíma verður kvennaball í Þjóðleikhúskjallaranum þar sem DJ Dick & Dyke þeyta skífum og ball á Barböru. Þá verða MSC-félagar hressir í MSC-klúbbnum.



### Sunnudagur 8. ágúst

**12:00** T-dansleikur  
Hinsegin stuð á Barböru um hábjartan dag, allan daginn.

**13:00** Regnbogahátíð fjölskyldunnar í Viðey  
Leikarar skemmta börnum og farið verður í leiki. Siglt er frá Skarfabakka í Sundahöfn á klukkustundar fresti frá kl. 11:15-17:15 og oftast ef þörf krefur. Hinsegin tilbúið í ferjuna þennan dag: 500 kr. og fritt fyrir börn, sex ára og yngri.



Skildu bílinn eftir heima!

**limo.is**

og láttu stjarna við þig



17 passengers

**868 9800**

Hægt er að senda okkur fyrirspurn á netfangið limo@limo.is einnig er hægt að hringja í síma 551-limo (551-5466) á skrifstofutíma frá kl. 10-18 eða 868-9800.

**OPNUNARTILBOÐ**

**Italiano**  
Pizzeria

Miðstærð af pizzu og gos, önnur pizza fylgir frítt með

**2 FYRIR 1  
Í SAL**

Italiano pizzeria • Hlíðasmára 15 fyrir ofan Smáralind • Sími 55 12345